

92

15. sept. 4. Til farskóla og eftirlits með heimafræðslu næsta vetur verður styrkur veittur úr landssjóði samkvæmt fyrirætlum fjárlaga og fræðslulaga, þar sem kenslan er rekin samkvæmt gildandi fræðslusamþykkt og reglugjörð.

5. Þeim farskólum, sem reynist örðugt að útvega nægilegt eldsneyti til upphitunar kenslustofum næsta vetur, eins langan tíma og reglugjörð gjörir ráð fyrir að farskólinn starfi, veitist undanþága frá reglugjörðinni, að því er tímalengdar-ákvæðið snertir. Þó fær enginn farskóli styrk til kenslunnar úr landssjóði, nema hann starfi í 8 vikur að minsta kosti.

6. Nú reynist í farskólahjaraði örðugt að halda uppi farskóla næsta vetur, annaðhvort af því að hæfilegt eldsneyti vantar eða af öðrum orsökum, og ber fræðslunefnd þá að ráða eftirlitskennara, er starfar í 24 vikur í fræðsluhjaraðinu að eftirliti með heimilisfræðslunni, enda nýtur hjaraðið þá styrks úr landssjóði til kenslunnar, svo sem lög mæla fyrir um styrk úr landssjóði til eftirlits með heimafræðslu.

Þetta er hjermeð gjört heyryn kunnugt.

Reykjavík, 15. september 1917.

Stjórnarráðið.

Reglugjörð

fyrir bátabryggjuna og bátauppsátrið á Blönduósi.

Stjórnarráð Íslands hefir 22. september 1917 gefið út svofelda reglugjörð fyrir bátabryggjuna og bátauppsátrið á Blönduósi, samkvæmt lögum nr. 62 frá 10. nóvember 1905.

1. gr.

Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu kýs 3 manna nefnd til þess að hafa á hendi alla yfirumsjón með bryggjunni og bátauppsátrinu. Kosning þessi gildir fyrir 3 ár í senn, en á hverju ári skal kosinn 1 maður í nefndina í stað eins, er árlega fer úr henni, sem skal verða eftir hlutkesti 1. og 2. ár. Nefndin kýs sjer formann úr sínum flokki og ræður bryggjuvörð, er má vera utannefndar, og semur um borgun fyrir störf hans. Formaður kallar nefndina á fund þegar hann álitur þess þörf, eða bryggjuvörður krefst þess. Nefndarmenn fá þóknun fyrir störf sín í þarfir bryggjunnar eftir reikningi, er sýslunefnd úrskurðar.

93

22. sept.

2. gr.

Bryggjuvörður skal hafa alla umsjón og eftirlit með bryggjunni, bátauppsátrinu, tækjum þeim, er hvorutveggja fylgir, allri notkun og nauðsynlegum aðgerðum; han skal hegða sjer eftir fyrirmælum reglugjörðar þessarar, og skulu allir þeir, er nota bryggjuna, bátauppsátrið, eða tækin, skyldir að hlýða fyrirskipunum hans í því efni.

3. gr.

Bátar hafa rjett til þess að leggjast að bryggjunni og nota tæki hennar til affermingar og hleðslu í þeirri röð, er þeir koma að henni; þó skulu bátar þeir, er flytja póst hafa rjett til þess að leggjast að henni tafarlaust, til að afhenda póstinn.

4. gr.

Allar skemdir er bryggjan og áhöld hennar verða fyrir af mannavöldum, skal bæta að fullu af umráðamanni báts þess, er verið er að afgreiða og skemdirnar hljótast af.

5. gr.

Þegar vörur eru fluttar í skip, eða úr, við bryggjuna, er hlutaðeigendum heimilt að láta þær liggja á bryggjunni svo sem pláss leyfir alt að 24 klukkustundir, en hlýða skulu þeir fyrirskipunum bryggjuvarðar, og sjá um að vörum sje hagrætt þannig, að ekki tálmi afnotum bryggjunnar eða tækja hennar, og að ekki hvíli of mikill þungi á hverjum hluta bryggjunnar. Þó er bryggjuverði heimilt, ef nauðsyn krefur, að krefjast þess að varan sje flutt strax af bryggjunni, eða láta flytja hana á kostnað eigenda.

Bryggjuvörður getur bannað alla ónauðsynlega umferð um bryggjuna.

6. gr.

Hver, sem notar bryggjuna, tæki hennar, eða bátanaustið skal greiða fyrir það til Bryggjusjóðs, sem hjer segir:

- a. Fyrir að renna bát að bryggjunni og festi sig aðeins greiðist kr. 1,00.
- b. Fyrir að leggja bát að bryggjunni 12 klukkustundir eða skemur greiðist frá kr. 0,50—2,00 eftir stærð bátsins.
- c. Fyrir að skipa upp úr bát eða fram í hann greiðist kr. 2,00.
- d. Fyrir að setja bát upp eða fram greiðist fyrir smábát kr. 0.75, fyrir 4—6 mannafar kr. 1,75, fyrir uppskipunarbát af venjulegri stærð kr. 3.00, og fyrir vjelbát kr. 5,00.
- e. Fyrir að geyma bát í naustinu greiðist kr. 1,00 um vikuna.

Með tilliti til þess, hvað Kaupfjelag Húnvetninga og Sláturfjelag Austur-Húnvetninga hafa lagt til bátauppsátursins og bryggjutækjanna, skal þeim ekki

93 skylt að greiða nema hálf gjöld fyrir not sin af þeim miðað við aðra notendur
22. sept. þeirra, og sömuleiðis skulu þau hafa forgangsrjett að bátanaustinu fyrir tvo báta
er þau mega hafa þar gjaldfrjálsa.

Fyrir að ferma báta með vörum, sem skipað hefir verið upp á bryggjuna
til þess að flytja þær þaðan sjóveg aftur, skal ekki greiða sjerstakt gjald, ef það
ekki tefur fyrir afgreiðslu skipa.

7. gr.

Gjöld þau, er ræðir um í 6. gr. stafl. a.—d. skulu greidd bryggjuverði
strax og búið er að afgreiða skip það, er flytur eða tekur vörurnar. Um greiðslu
gjalda þeirra, er getur um í sömu grein stafl. e fer eftir samningi við bryggjuvörð.

8. gr.

Bryggjuvörður skal hafa á hendi innheimtu á öllum tekjum bryggjunnar
og bátauppsátursins, skulu þær lagðar í sjerstakan sjóð, er nefnist Bryggjusjóður
og ávaxtist í Sparisjóði Húnavatnssýslu; hann skal gera reikning yfir tekjur og
gjöld Bryggjusjóðsins og senda hana oddvita sýslunefnda Húnavatnssýslu fyrir
31. janúar ár hvert.

9. gr.

Bryggjusjóður skal vera undir umsjón sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu,
og skal honum eingöngu varið til umbóta og aðgerðar bryggjunni, tækjum henn-
ar, eða bátauppsátrinu.

10. gr.

Brot móti reglugjörð þessari varða sektum allt að 100 kr., og fer um mál
útaf þeim sem almenn lögreglumál. Sektirnar renna í Bryggjusjóð.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. nóvember 1917 og skal endurskoðuð fyrir
1. janúar 1926.

Í stjórnarráði Íslands, 22. september 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.